

FINNUR FRÍÐRIKSSON OG
KRISTÍN MARGRÉT JÓHANNSDÓTTIR

„Maður er náttúrulega svo stoltur
af því að vera Norðlendingur“

Viðhorf Norðlendinga til eigin framburðar

1 Inngangur

Í alþjóðlegum samanburði telst Ísland vera nokkuð einsleitt málsamfélag í þeim skilningi að hér er tiltölulega lítill munur á því frá einu svæði til annars hvernig fólk talar. Færa má rök fyrir því að hér á landi sé ekki hægt að tala um afmarkaðar málýskur með svipuðum hætti og þekkist í flestum nágrannalöndum okkar.¹² Sá munur sem þó er til staðar birtist helst í svæðisbundnum hljóðfræðilegum breytileika, það er framburður fólks getur verið mismunandi eftir því hvar á landinu það býr og/eða hefur alist upp. Þessi munur hefur löngum þótt athyglisverður og fyrir liggur talsverð þekking á stöðu og þróun svæðisbundins framburðar á 20. öld og inn á þá 21. Þessa þekkingu má að mestu leyti rekja til þriggja umfangsmikilla rannsókna sem segja má að spinni sameiginlegan þráð. Sú fyrsta er brautryðjendarannsókn Björns Guðfinnssonar (hér eftir BG) sem hann stóð fyrir á fimmta áratug síðustu aldar. Hún náði til 6520 barna sem flest voru á aldri-
num 10–13 ára.³ Þessi rannsókn Björns var grunnurinn að framhaldsrannsókn

¹ Við þökkum ritrýnum fyrir gagnlegar athugasemdir og ábendingar. Greinin er unnin innan ramma rannsóknarverkefnisins *Svæðisbundinn framburður, viðhorf og málbreytingar í rauntíma* (SVIÐ – styrkt af Rannsóknasjóði Rannís 2023–2025, styrknúmer 239723-053) og færum við samstarfsfólki okkar við það bestu þakkar fyrir ánægjulegt samstarf.

² Kristján Árnason, „Standards, Varieties and Phonological Variation in Faroese and Icelandic“, *Acta Academiae Regiae Gustavi Adolphi 116*, ritstjórar Lars-Erik Edlund, Lennart Elmvik og Maj Reinhammar, Uppsala: Kungl. Gustav Adolfs Akademien för svensk folkkultur, 2011, bls. 11–30, hér bls. 15.

³ Björn Guðfinnsson, *Málýzkur I*, Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja, 1946.



á níunda áratugnum, innan ramma verkefnis sem nefndist *Rannsókn á íslensku nútíttamáli* (hér eftir RÍN). Þar var tækifærið jafnframt notað til að taka viðtöl við eldri málhafa, þar með talda suma sem tóku þátt í rannsókn Björns.⁴ Þriðja og síðasta rannsóknin var svo framkvæmd á árunum 2010–2012 og kallaðist *Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð* (hér eftir RAUN). Í henni var unnið á þeim grunni sem lagður hafði verið í fyrri tveimur rannsóknunum. Rétt er svo að bæta við að Margrét Guðmundsdóttir vann í doktorsritgerð sinni úr gögnum þessara þriggja rannsókna og lagði þar fram nákvæmari túlkun á niðurstöðum þeirra en áður hafði verið unnt að ná fram.⁵

Með þessum þremur rannsóknum hefur náðst dýrmæt þekking á svæðisbundnum framburði á Íslandi og þróun hans yfir tíma. Í þeirri þekkingu eru þó ákveðin göt. Þar kemur annars vegar til að ekki hefur verið safnað yfirgripsmiklum gögnum um notkun svæðisbundinna framburðartilbrigða hjá fólki sem fætt er í kringum 1975 og síðar, og er því um fimmtugt eða yngra í dag. Hins vegar hefur gögnum um viðhorf málnotenda til máls og framburðar og möguleg tengsl þeirra við þróun þeirra framburðareinkenna sem við sögu koma lítt verið safnað með skipulegum hætti þó á stöku stað megi finna vísbendingar um hver viðhorfin kunna að vera, svo sem í fyrrnefndri doktorsritgerð Margrétar Guðmundsdóttur þar sem fram kemur að viðhorf til norðlenskra máltilbrigða, einkum harðmælis, eru almennt jákvæð.⁶

Hér kemur til skjalanna fjórða yfirlitsrannsóknin sem ætlað er að kanna stöðu svæðisbundinna framburðareinkenna á Íslandi. Þar er um að ræða verkefni sem nefnist *Svæðisbundinn framburður, viðhorf og málbreytingar í rauntíma* (hér eftir SVID), en umfram það að kanna hver staða svæðisbundinna framburðartilbrigða er á Íslandi og hvernig þau hafa þróast frá tímum Björns Guðfinnssonar er meginmarkmið þess að grafast fyrir um hvaða áhrif meðvituð og ómeðvituð viðhorf til máls hafa á þróun svæðisbundins framburðar hjá bæði einstaklingum og stærri hópum. Þetta endurspeglast ekki síst í þeim rannsóknarspurningum verkefnisins sem snúa að viðhorfum, en þær eru eftirfarandi:

⁴ Sjá nánar Kristján Árnason og Höskuldur Þráinsson, „Fonologiske dialekttræk på Island. Generationer og geografiske område“, *Nordisk dialektologi*, ritstjórar Gunnstein Akselberg, Anne Marit Bødal og Helge Sandøy, Oslo: Novus, 2003, bls. 151–196, og Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, „Phonological Variation in 20th Century Icelandic“, *Íslenskt mál* 14: 1/1992, bls. 89–129.

⁵ Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsævi. 70 ára þróun tilbrigða í framburði – einstaklingur og samfélag*, Doktorsritgerð, Reykjavík: Háskóli Íslands, 2022, <https://hdl.handle.net/20.500.11815/3419>.

⁶ Sama rit, bls. 156–158 og 175–176.

- (1) Að hve miklu leyti er fólk meðvitað um þessi svæðisbundnu framburðartilbrigði, bæði hjá öðrum og í eigin máli, og hvaða hugmyndir hefur það um eigin framburð í samanburði við algengari framburðartilbrigði?
- (2) Er munur á meðvitund um og viðhorf til svæðisbundnu tilbrigðanna sem um ræðir?
- (3) Hversu mikilvægur þáttur í málfarslegri sjálfsmynd málhafa er svæðisbundinn framburður?

Hér er jafnframt komið að megininntaki og -markmiði þessarar greinar, en í henni verður einkum horft til eins konar undirmengis ofangreindra spurninga, einkum (1) og (3). Nánar tiltekið verða viðhorf norðlenskra þátttakenda í verkefninu tekin fyrir, en Norðurland er það svæði sem þykir sýna hvað skýrust merki um svæðisbundinn framburð. Þar er oftast horft til tveggja framburðarafbrigða sem helst þykja einkenna norðlenskan framburð. Þar er annars vegar um að ræða svokallað harðmæli, þar sem /p, t, k/ eru borin fram fráblásin, frekar en ófráblásin eins og í meirihlutaframburði, á eftir löngu sérhljóði: *tapa* [t^ha:p^ha], *líka* [li:k^ha], *bíta* [pi:t^ha], og hins vegar raddaðan framburð, þar sem hljóðönnin /m, n, l, ð/ eru borin fram rödduð á undan fráblásnu lokhljóði: *hempa* [hemp^ha], *mennta* [ment^ha], *hjálpa* [çaulp^ha], *blaðka* [plaðk^ha], en í meirihlutaframburði eru hafðir óraddaðir hljómenndur á undan ófráblásnu lokhljóði. Í þessari grein beinist athyglin líka að mestu að þessum tilbrigðum.

Í umfjölluninni hér á eftir verður unnið út frá bæði meginlegum og eigindlegum gögnum sem safnað var í verkefninu og litið til þátta eins og hversu fallegan Norðlendingar telja eigin framburð vera, hversu mikilvægan hluta sjálfsmyndar sinnar þeir telja hann vera, hvort þeir hafi meðvitað breytt framburði sínum og fleira í þeim dúr. Með þessu er vonast til þess að draga megí upp sem heildstæðasta mynd af viðhorfum Norðlendinga í þessum efnun. Það getur síðan nýst til að átta sig sem best á þeim öflum sem kunna að vera að verki í hvort heldur er viðhaldi eða veiklun svæðisbundins framburðar á Norðurlandi. Meðal þess sem niðurstöður okkar sýna er að Norðlendingar eru almennt nokkuð sáttir við eigin framburð og telja hann bæði fallegan og skýran auk þess sem þeir líta gjarnan á hann sem mikilvægan hluta sjálfsmyndar sinnar. Um leið virðist vera til staðar skýr almenn meðvitund meðal Norðlendinga um tilvist norðlensks framburðar og að hann sé með einum eða öðrum hætti frábrugðinn framburði annars staðar á landinu. Öllu óljósara er þó í hugum málnotenda hvað nákvæmlega það er sem skilur norðlenskan framburð frá öðrum og margt bendir til þess að málfarsleg meðvitund sé nokkuð á reiki, ekki síst hvað varðar framburð.

Skipulag greinarinnar er sem hér segir. Að loknum þessum inngangsorðum verður vikið að fræðilegum bakgrunni og forsendum þessarar greinar og fjallað stuttlega um fyrri íslenskar athuganir á viðhorfum til framburðar, einkum norðlensks, og hugsanlegum tengslum þessara viðhorfa við þróun framburðarins. Sú umræða verður jafnframt sett í samhengi við sambærilegar athuganir á erlendum vettvangi. Því næst verður greint stuttlega frá þeim aðferðum sem beitt var við öflun og greiningu þeirra gagna sem unnið er með í greininni. Þá verða niðurstöður greiningar okkar lagðar fram og þær síðan settar í samhengi við fræðilegan bakgrunn greinarinnar í lokaorðum.

2 *Framburður og viðhorf til hans*

Eins og minnst er á í inngangi hefur um alllangt skeið verið fylgst með íslenskum framburði og þróun hans. Sú athygli sem framburður hefur notið hefur þó aðeins að mjög takmörkuðu leyti náð til þeirra viðhorfa sem málnotendur hafa til hvort heldur er eigin framburðar eða annarra og þeirra áhrifa sem þau viðhorf kunna að hafa á stöðu hans og þróun. Vissulega má fram að miðri tuttugustu öld finna ýmis dæmi um að menntamenn viðri skoðanir sínar á ákveðnum framburði eða tilteknum framburðareinkennum, oftast en ekki í tengslum við umræður um hvort samræma ætti íslenskan framburð og hvernig hann tengist stafsetningu og stafsetningarkennslu,⁷ en það er þó ekki fyrr en tekið er að nálgast lok aldarinnar sem fyrstu formlegu og sértæku athuganirnar á viðhorfum til framburðar fara að skjóta upp kollinum.

Guðrún Karlsdóttir virðist hafa verið hvað fyrst til í þessum efnum en í BA-ritgerð sinni frá árinu 1989 kannaði hún viðhorf reykvískra ungmenna til annars vegar linnmælis, það er framburðar sem oftast er tengdur við Reykjavík og nágrenni, og hins vegar harðmælis og raddaðs framburðar, það er þekktustu norðlensku framburðareinkennum.⁸ Í könnuninni hlýddu þátttakendur á þrjá upplesara lesa sama textann. Einn var linnmæltur Reykvíkingur, einn harðmæltur Akureyringur og sá þriðji harðmæltur Dalvíkingur með raddaðan framburð. Að hlustuninni lokinni svöruðu þátttakendur svo spurningum sem sneru að því hvaðan þeir teldu lesarann hverju sinni vera og hvort framburður hans væri annars vegar fallegur eða ljótur og hins vegar réttur eða rangur. Þær niðurstöður

⁷ Sjá til dæmis Jakob Jóh. Smári, „Um framburð“. *Landið* 2: 30/1917, bls. 101, 106 og 112, Jóhannes L. L. Jóhannesson, „Um framburðinn“, *Skólablaðið* 12: 9/1920, bls. 115–119 og Björn Guðfinnsson, *Um framburð og stafsetningu*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1947, bls. 7–36 og 57–66.

⁸ Guðrún Karlsdóttir, *Norðlenska – sunnlenska? Um afstöðu ungs fólks til framburðarmállýskna*, óútgefin BA-ritgerð, Háskóli Íslands, 1989.

sem eru hvað mikilvægastar fyrir þessa grein eru að bæði harðmælis- og linnmælisframburður þóttu fallegir en raddaði framburðurinn síður. Raddaður framburður þótti að sama skapi síður réttur en bæði harðmæli og linnmæli. Einnig vekur athygli að allir þátttakendur gátu réttilega staðsett hinn linnmæltu reykvíska lesara og svo til allir (95%) gátu líka staðsett lesarann með raddaða framburðinn en einungis 18% staðsettu harðmæltu lesarann rétt. Guðrún telur þó hluta af skýringunni á þessu vera þá að raddaði framburðurinn var spilaður fyrstur en sá harðmælti síðastur og þátttakendur gætu þannig talið sig hafa „afgreitt“ norðlenskan framburð í fyrstu hlustuninni, ekki síst þar sem ýmislegt bendir til þess að raddaður framburður veki frekar eftirtekt en harðmæli.

Rétt er að ítreka að ofangreind könnun Guðrúnar Karlsdóttur náði einungis til viðhorfa reykvískra ungmenna. Tveimur árum síðar komu hins vegar fram fyrstu skýru vísbendingarnar um afstöðu Norðlendinga til eigin framburðar, í BA-ritgerð Hermínu Gunnþórsdóttur.⁹ Í ritgerðinni kannaði Hermína annars vegar að hvaða marki 15 og 16 ára unglingar á Dalvík notuðu harðmæli og raddaðan framburð og bar niðurstöður sínar saman við niðurstöður unglunga á sama aldri sem tekið höfðu þátt í RÍN-rannsókninni fimm árum áður. Hins vegar kannaði hún sérstaklega viðhorf ungmennanna til ýmissa þátta varðandi mál og málnotkun, til að mynda hver afstaða þeirra til eigin framburðar og heimabyggðar var og hvort einhver tengsl væru þar á milli. Í niðurstöðum Hermínu kemur meðal annars fram að notkun harðmælis hélst nánast óbreytt frá RÍN og að könnun hennar, en raddaður framburður sýndi hins vegar ákveðin merki um hnignun. Hermína telur að þetta megi hugsanlega rekja til þess að í viðhorfshluta könnunarinnar kom fram jákvæðara viðhorf til harðmælis en raddaðs framburðar. Hér ber þó að hafa í huga að sú spurning kom í kjölfar spurningar um hvort þátttakendur þekktu muninn á harðmæli og rödduðum framburði. Aðeins 4 af 55 þátttakendum gátu svarað þeirri spurningu játandi og því þurfti bróðurpartur þeirra nánari útlistun og dæmi áður en þeir svöruðu spurningunni um hvort framburðareinkennið þeim þætti fallegra. Eftir sem áður er eftirtektarvert að þátttakendur Hermínu töldu norðlensku fallegri, réttari og upprunalegri en sunnlensku (án þess að fyrir hafi legið hvað nákvæmlega var átt við með „norðlensku“ og „sunnlensku“), og þegar þeir voru beðnir um að nefna hvað þeir teldu einkenna framburð á Dalvík nefndu þeir helst að hann væri harðari og skýrari og gáfu dæmi um harðmæli. Þeir voru einnig almennt jákvæðir í garð heimabyggðarinnar en ekki fannst skýrt samband á milli þess og framburðar.

⁹ Hermína Gunnþórsdóttir, *Harðmæli og röddun í norðlenskum framburði*, óútgefin BA-ritgerð, Háskóli Íslands, 1991.

Í framhaldi af þessari umræðu er vert að nefna að einn liður undirbúnings SVIÐ-verkefnisins fólst í forkönnun þar sem verkefni Hermínu¹⁰ var fylgt eftir. Í þessari forkönnun náði Eva Hrund Sigurjónsdóttir í 18 þeirra sem tekið höfðu þátt hjá Hermínu sem unglingar liðlega 30 árum áður og kannaði þróun framburðar hjá þeim, auk þess að rýna í viðhorf þeirra til bæði eigin framburðar og annarra.¹¹ Sjö þessara þátttakenda bjuggu enn á Dalvík, fjórir höfðu flutt til Akureyrar og hinir sjö höfðu flutt til höfuðborgarsvæðisins. Hvað varðar framburð virðast niðurstöður forkönnunarinnar staðfesta þá þróun sem könnun Hermínu benti til, það er að raddaður framburður gefur talsvert eftir á meðan harðmælið helst nokkuð stöðugt. Hér má einnig sjá vísbendingar um að það hvort fólk býr enn í upphaflegri heimabyggð sinni eða ekki sé öflugur áhrifa-valdur þar sem þeir þátttakendur sem flutt höfðu frá Dalvík sýndu öllu skýrari merki um hnignun norðlensku framburðareinkennanna en þeir sem enn bjuggu þar. Þetta gildir raunar sérstaklega um raddaða framburðinn þar sem flutningur til Akureyrar virtist ekki hafa teljandi áhrif á harðmæli þátttakenda. Hvað varðar viðhorf voru þátttakendur almennt mjög jákvæðir í garð eigin framburðar, en voru síður hrifnir af sunnlenskum og vestfirskum framburði. Þessa afstöðu virðist svo að mestu mega rekja til hugmynda um að norðlenskur framburður sé fallettari, skýrari og réttari, og í sumum tilvikum voru þar undirliggjandi tengingar við stafsetningu, það er að þar sem skrifað er *k*, *p* eða *t* sé réttast að bera þá bókstafi skýrt fram, sem aftur styður við áður nefnda niðurstöðu Hermínu um að harðmæli sé sterkasta einkenni norðlenskunnar. Í svörum þeirra sem flutt höfðu suður og höfðu lagt af norðlenskan framburð að einhverju eða mestu leyti mátti svo gjarnan greina ákveðinn trega. Þeir sögðu það ekki hafa verið meðvitaða ákvörðun að breyta framburði sínum heldur hefðu þeir ómeðvitað lagað sig að nýju umhverfi þó þeir hefðu helst viljað halda upphaflegum framburði sínum. Raunar má líka finna dæmi þess að þátttakendur sem flutt höfðu suður yfir heiðar hafi tekið meðvitaða ákvörðun um að halda í framburð sinn, vegna sterkra tengsla við heimabyggðina og vilja til að koma framburðinum til næstu kynslóðar.

Hvað ítarlegastar upplýsingar um viðhorf Íslendinga til framburðar er að finna í doktorsritgerð Margrétar Guðmundsdóttur,¹² en í aðdraganda vinnunnar við hana vann hún rannsókn í alls fjórum þrepum á viðhorfum til breytileika og málbreytinga í íslensku. Í fyrsta þrepinu voru þátttakendur í þjóðmálakönnun

¹⁰ Sama rit.

¹¹ Eva Hrund Sigurjónsdóttir, „*Norðlenskan er flottust og allt hitt er bara allt í lagi*“. *Athugun á breytingum á framburði nokkurra Norðlendinga á lífsleiðinni og viðhorfum þeirra*, óbirt skýrsla, 2022.

¹² Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsævi*.

Félagsvísindastofnunar spurðir að því hvaða framburður þeim þætti fallegastur og hvaða framburð þeir héldu Íslendinga almennt telja fallegastan. Í öðru þrepi voru tekin símavíðtöl við alls 39 einstaklinga frá Norðurlandi, Vestfjörðum og Skaftafellssýslum sem fæddir voru í kringum 1930 og höfðu tekið þátt í rannsókn Björns Guðfinnssonar, RAUN-verkefninu og, í flestum tilvikum, RÍN-verkefninu, til að grennslast fyrir um hve meðvitað þetta fólk væri um eigin framburð og annarra, sem og um viðhorf þess til og vitneskju um staðbundinn framburð. Þriðja þrepið fólst síðan í netkönnun sem náði til fólks um allt land. Þar hlustuðu þátttakendur á tvær mismunandi upptökur af upplestri. Með annarri var kannað hvort þeir áttuðu sig á staðbundnum einkennum í upplestrinum og eftir hina hlustunina voru þeir beðnir um að meta fegurð framburðarins.

Samantekið benda niðurstöður þessara fyrstu þriggja þrepa til þess að flestir, bæði Norðlendingar og aðrir, séu jákvæðir í garð norðlensku og þyki hún fallegri en annar framburður. Einnig virðist vera til staðar almenn meðvitund um tilvist sérstaks norðlensks framburðar, en það voru þó helst Norðlendingar sjálfir sem höfðu einhverja þekkingu á því hver einkenni þess framburðar væru. Hin jákvæða afstaða til norðlensks framburðar virðist svo að talsverðu leyti vera rekjanleg til hrifningar af harðmæli, sem var gjarnan tilgreint sem helsta einkenni norðlensku og þá oftast en ekki sem eins konar andstæða við sunnlenskt linnmæli, sem ekki þótti eins fallett. Loks er vert að nefna að í þriðja þrepi rannsóknarinnar, þar sem fólk hlýddi á upptökur af upplesurum, greindu langflestir raddaðan framburð, en þó sá framburður sé á þann hátt greinilegra einkenni norðlensks framburðar en harðmælið er síðarnefnda atriðið skýrara einkenni slíks framburðar að því leyti að það er útbreiddara og var öllu oftast nefnt sem norðlenskt einkenni, um leið og það þótti fallegra en raddaður framburður.

Í fjórða og síðasta áfanga rannsókna Margrétar á viðhorfum til framburðar naut hún aðstoðar Kristínar Ingibjargar Hlynsdóttur og niðurstöður þessa áfanga má finna í BA-verkefni hennar.¹³ Nálgunin hér sker sig nokkuð frá þeirri sem beitt var í þeim könnunum sem fjallað er um hér að framan. Í þeim er viðfangsefnið meðvituð viðhorf málnotenda til framburðar og þeir eru því spurðir beint út hvað þeim finnst um framburð sinn og annarra, fegurð hans, skýrleika, réttleika og þar fram eftir götunum. Fram að þessari athugun Margrétar og Kristínar Ingibjargar höfðu ómeðvituð viðhorf til íslensks framburðar hins vegar ekki verið skoðuð, en fram hefur komið í ýmsum rannsóknum erlendis¹⁴ að

¹³ Kristín Ingibjörg Hlynsdóttir, *Þykir harðmæli betra en linnmæli? Rannsókn á ómeðvituðum viðhorfum*, óútgefin BA-ritgerð, Háskóli Íslands, 2016, <https://hdl.handle.net/1946/26063>.

¹⁴ Sjá til dæmis Tore Kristiansen (ritstjóri), *Nordiske sprogholdninger. En masketest*, Osló: Novus, 2006.

munur getur verið á meðvituduðum og ómeðvituduðum viðhorfum til framburðar og þau geta virkað hvor með sínum hætti á það hvort fólk heldur í svæðisbundinn framburð eða leggur hann til hliðar.

Til að ná fram ómeðvituduðum viðhorfum fólks til framburðar og tiltekinna framburðareinkenna gengur vitaskuld ekki að spyrja það með beinum hætti hvaða skoðun það hefur á þeim. Því er svokölluðum grímuprófum beitt en þar eru þátttakendur látnir hlusta á upptökur og síðan spurðir um persónueinkenni þeirra sem lesa. Gríman eða gildran sem þátttakendur eru svo að segja leiddir í felst svo í því að sami lesari les í tveimur eða fleiri upptökum en notar mismunandi máleinkenni í þeim. Þetta er sú leið sem Kristín Ingibjörg fór en í athugun hennar las sama konan, sem hefur sjálf blandaðan harðmælis- og linnmælisframburð og hefur ekki raddaðan framburð, sama texta með annars vegar harðmælisframburði og hins vegar linnmælisframburði. Þátttakendur hlustuðu einnig á þrjár aðrar upptökur af upplestri á sama texta. Þar var í öllum tilvikum um að ræða raddir kvenna sem voru á svipuðum aldri og fyrrnefnd kona. Ein þeirra var harðmælt með raddaðan framburð og tvær linnmæltar. Þátttakendur vissu ekki að sama konan kæmi við sögu í tveimur upptökanna, né heldur efur hverju rannsakendur voru í raun að slægjast, og því líklegt að sá munur sem kynni að koma fram á mati þátttakenda á persónueinkennum lesarans sem kom fyrir á tveimur upptökum réðist eingöngu af því hvernig þeir brygðust ómeðvitað við annars vegar harðmæli og hins vegar linnmæli.

Þau persónueinkenni sem þátttakendur, sem komu flestir frá Norðurlandi, Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu, dæmdu um voru *metnaðarfull*, *adlaðandi*, *greind*, *traustvekjandi*, *dugleg*, *sjálfstæð*, *áhugaverð* og *afslöppuð*. Heilt á lítið kallaði upplesturinn með harðmæli fram ívið jákvæðari svör en linnmælisupplesturinn, en munurinn var þó ekki marktækur nema þegar spurt var um hve adlaðandi upplestarinn væri. Þannig má segja að ómeðvituð viðhorf til harðmælis og linnmælis séu áþekk þeim meðvituduð, það er harðmæli vekur almennt jákvæðari viðbrögð en linnmæli, en þau viðbrögð eru þó ekki eins sterk eða skýr þegar um ómeðvituð viðhorf er að ræða.

Þó fremur lítið hafi farið fyrir rannsóknum hér á landi á viðhorfum til framburðar og hugsanlegum tengslum þeirra við þróun hans hafa slíkar rannsóknir verið stundaðar um alllangt skeið á erlendum vettvangi. Þær spruttu fyrst upp með athugunum Wallace Lambert og félaga hans upp úr miðri síðustu öld, sem beindust einkum að því hvaða áhrif viðhorf geta haft á málanám og málnotkun. Þá kom skýrt í ljós að fólk hefur ýmsar skoðanir á bæði eigin framburði og annarra og þær geta haft áhrif á það að hve miklu leyti fólk lagar sig að félagslegu umhverfi sínu, þar með töldu því tungumáli eða þeirri mállysku sem þar

er töluð.¹⁵ Hér kom jafnframt í ljós að skipta má viðhorfum í tvo meginflokk, annars vegar hagnýt (e. *instrumental*), sem snúa að því að fólk telur sig geta bætt félagslega stöðu sína með þekkingu og notkun á tilteknu máli eða mállýsku, og hins vegar sameinandi (e. *integrative*), sem snúa að löngun fólks til að tengjast ákveðnum hóp í málfarslegu tilliti.

Þessar fyrstu hugmyndir að greiningu hafa vitaskuld verið þróaðar frekar og þannig má stundum sjá talað um ofangreinda tvískiptingu á grunni annars vegar félagslegrar stöðu (e. *status*) og hins vegar samstöðu (e. *solidarity*).¹⁶ Eins hefur máltengdum viðhorfum verið skipt í viðhorf til mismunandi málafríðða annars vegar og notenda málafríððanna hins vegar,¹⁷ þó einnig hafi verið bent á að þessi tvískipting sé hugsanlega ekki nauðsynleg þar sem viðhorf til máls endurspeglir viðhorf til notenda viðkomandi máls eða málafríððis og ekki sé gott að greina þetta hvort frá öðru.¹⁸ Grunnstefin eru þó um margt enn þau sömu og nú virðist lítt um það deilt að nauðsynlegt sé að taka tillit til viðhorfa þegar þróun máls, mállýskna og þar með, framburðar er rannsökuð, enda séu viðhorf til máls miðlægur þáttur í viðvarandi viðleitni málnotenda til að finna sér stað í málsamfélagi sínu og samfélaginu almennt.¹⁹ Garrett og félagar²⁰ benda jafnframt á að viðhorf til máls séu undirstaða fjölmargra samfélagslegra þátta, svo sem þeirra staðalímýnda sem við dæmum fólk út frá, hvernig við staðsetjum sjálf okkur innan um aðra og hvernig við tengjumst einstaklingum og hópum. Loks er vert að hafa í huga að viðhorf geta verið ansi óstöðug og taka gjarnan breytingum í takt við samfélagslega þróun. Þannig geta breytingar á opinberri málstefnu, framsetningu í fjölmiðlum og tengslum á milli mismunandi hópa samfélagsins

¹⁵ Wallace E. Lambert, „A Social Psychology of Bilingualism“, *Journal of Social Issues* 23: 2/1967, bls. 91–109, hér bls. 103; Wallace E. Lambert, R. Hodgson, R. C. Gardner og S. Fillenbaum, „Evaluational Reactions to Spoken Languages“, *The Journal of Abnormal and Social Psychology* 60: 1/1960, bls. 44–51.

¹⁶ Jan Einarsson, *Språksociologi*, Lund: Studentlitteratur, 2009, 2. útgáfa, bls. 128.

¹⁷ Marko Dragojevic, Fabio Fasoli, Jennifer Cramer og Tamara Rakić, „Toward a Century of Language Attitudes Research. Looking Back and Moving Forward“, *Journal of Language and Social Psychology* 40: 1/2021, bls. 60–79, hér bls. 63.

¹⁸ Ellen Bijvoet, „Språkattityder“, *Sociolingvistik*, ritsjóri Eva Sundgren, Stockholm: Liber, 2013, bls. 122–157, hér bls. 124; Jan Einarsson, *Språksociologi*, bls. 127.

¹⁹ Eleonora Kovacs-Rac og Sabina Halupka-Resetar, „Sense of Local Identity Attitudes Toward Dialects and Language Teaching. The Hungarian Minority in Serbia“, *Poznan Studies in Contemporary Linguistics* 54: 1/2018, bls. 115–146, hér bls. 117.

²⁰ Peter Garrett, Nikolas Coupland og Angie Williams, *Investigating Language Attitudes. Social Meanings of Dialect, Ethnicity and Performance*, Cardiff: University of Wales Press, 2003, bls. 2–4.

raskað ríkjandi viðhorfum.²¹ Áhrif slíkrar röskunar verða sérstaklega áberandi í fjöltyngdum samfélögum þar sem fólk lagar sig að þeirri hugmyndafræði sem er efst á baugi hverju sinni og ýmist hyglir eða hafnar einu eða fleirum af þeim málum sem finnast innan samfélaga þess.

Svo vikið sé með beinni hætti að samhengi viðhorfa og svæðisbundins framburðar bendir allt til þess að viðhorf séu skýr áhrifaþáttur varðandi stöðu og þróun framburðar. Í sem einföldustu máli stuðla jákvæð viðhorf til tiltekins svæðisbundins framburðar að viðhaldi hans og jafnvel eins konar endurlífgun sé staðan orðin mjög veik, á meðan neikvæð viðhorf geta ýtt undir hnignun og jafnvel brotthvarf hans. Hér koma ýmsir undirliggjandi þættir til sögunnar. Einn sá áhrifamesti er sú brennimerking (e. *stigma*) sem stundum fellur á framburðarmállýskur aðrar en þær sem njóta viðurkenningar sem meirihlutamállýska eða teljast á einhverjum sögulegum eða menningarlegum grunni vera réttari eða finni en aðrar. Slík brennimerking og það neikvæða viðmót og þeir fordómar um til að mynda greind og hæfni sem henni vilja fylgja geta hæglega orðið til þess að notendur svæðisbundinnar mállýsku forðist það að nota hana eða lagi eigin framburð að meira eða minna leyti að meirihlutamállýskunni til að falla betur inn í hópinn og/eða standa vörð um félagslega stöðu sína.²² Fjölmiðlar, það er hvort og þá hvernig svæðisbundinn framburður birtist þar, skipta einnig máli í þessu samhengi, en þær framburðarmállýskur sem birtast í jákvæðu samhengi í fjölmiðlum eru líklegri en aðrar til að njóta ákveðinnar virðingar, sem aftur ýtir

²¹ Morana Lukač, „Implicit and Explicit Language Attitudes. Mapping Linguistic Prejudice and Attitude Change in England Robert M. McKenzie and Andrew McNeill (2023)“, *Journal of Language and Discrimination* 7: 1/2023, bls. 118–122, hér bls. 120.

²² Marko Dragojević og Howard Giles, „I Don't Like You Because You're Hard to Understand. The Role of Processing Fluency in the Language Attitudes Process“, *Human Communication Research* 42: 3/2016, bls. 396–420, hér bls. 397–398 og 416–418; Agata Gluszek og John F. Dovidio, „Speaking With a Nonnative Accent. Perceptions of Bias, Communication Difficulties and Belonging in the United States“, *Journal of Language and Social Psychology* 29: 2/2010, bls. 224–234; Lorna D. Sikorski, „Regional Accents. A Rationale for Intervening and Competencies Required“, *Seminars in Speech and Language* 26: 2/2005, bls. 118–125; Andrew J. Pantos, „Defining the Cognitive Mechanisms Underlying Reactions to Foreign Accented Speech“, *Review of Cognitive Linguistics* 10: 2/2012, bls. 427–453, hér bls. 448–452; Paulina Arango, „The Development of Regional Accent Discrimination in Children. Evidense from Spanish/El desarrollo de la discriminación de acentos regionales en niños. Evidencia desde el español“, *Estudios de Psicología* 37: 1/2016, bls. 183–197, hér bls. 194–196; Caroline Floccia, Joseph Butler og Jeremy Goslin, „Regional and Foreign Accent Processing in English. Can Listeners Adapt?“, *Journal of Psycholinguistic Research* 38: 4/2009, bls. 379–412, hér bls. 407–411; Gretchen Montgomery og Doris E. Acheme, „Processing Fluency and Inferred Motive. L1 English Users' Evaluations of Non-Standard Accented Speech“, *Journal of Language and Social Psychology* 41: 5/2022, bls. 572–589, hér bls. 584–588.

undir lífvænleika þeirra.²³ Heilt á titið er hér um að ræða flókið samspil málskynjunar, sjálfsmýndar og breytileika í framburði, sem litast af sveiflum í samfélaginu í heild sinni.

Þær almennu tilhneigingar sem hér hefur verið lýst eiga sér ýmsar birtingarmyndir í rannsóknarniðurstöðum frá nágrannalöndum okkar, sem benda um leið í svipaða átt og þær athuganir sem gerðar hafa verið á tengslum viðhorfa og svæðisbundins framburðar hér á landi. Þannig má sjá í nýlegri doktorsritgerð Gretu Horn að þeir unglingar á Skáni í suðurhluta Svíþjóðar sem hafa jákvætt viðhorf til skánskra framburðareinkenna og hafa sterk tengsl við heimabyggð sína, og sjá jafnvel fyrir sér að búa þar ævilangt, eru líklegri til að halda í þessi framburðareinkenni en þeir unglingar sem sjá framtíð sína annars staðar og hafa þá um leið neikvæðari afstöðu til þess framburðar sem einkennir svæðið enda geti notkun hans dregið úr líkum á að þeir nái þeim markmiðum sem þeir hafa sett sér í lífinu.²⁴ Áþekkar niðurstöður má sjá í rannsókn Nilsson og Nylund Skog²⁵ á þróun mállýskna í bæjunum Torsby í Vermalandi í vesturhluta Svíþjóðar og Edsbyn í Hälsingland í Mið-Svíþjóð. Mállýskan í Edsbyn hefur færst mun nær staðalsænsku en mállýskan í Torsby og það rekja Nilsson og Nylund Skog að verulegu leyti til mismunandi viðhorfa og missterkrar staðartengingar í bæjunum tveimur.

Í Bretlandi má einnig finna áhugaverðar niðurstöður af svipuðum toga. Til að mynda spurðu Coupland og Bishop 5.010 þátttakendur um allt Stóra-Bretland um afstöðu þeirra til 34 mismunandi breskra framburðarmállýskna út frá því hve félagslega aðlaðandi (e. *socially attractive*) þeir töldu þær vera og hve mikillar virðingar (e. *prestige*) þeir töldu þær njóta. Þar kom í ljós að þátttakendur töldu framburð sem var eins og þeirra eigin næst mest félagslega aðlaðandi, rétt á eftir staðlaðri ensku (e. *Standard English*). Einnig var hann í þriðja sæti hvað varðar virðingu, á eftir staðlaðri ensku og drottningarensku (e. *Queen's English*), sem hlutu þó að vísu öllu herra skor á þeim kvarða.²⁶ Félagslegt aðdráttarafl framburðarmállýsku ætti því að geta stuðlað að viðhaldi hennar en sjónarmið tengd virð-

²³ Stefan Grondelaers, Roeland van Hout og Mieke Steegs, „Evaluating Regional Accent Variation in Standard Dutch“, *Journal of Language and Social Psychology* 29: 1/2009, bls. 101–116, hér bls. 113.

²⁴ Greta Horn, *Den unga skånskan. Dialektal variation och platsanknytning hos gymnasieungdomar i nordvästra Skåne*, doktorsritgerð, Gautaborgarháskóli, 2025, bls. 229–232.

²⁵ Jenny Nilsson og Susanne Nylund Skog, „Språk- och kulturvetenskapliga förklaringar till språklig förändring och stabilitet i Torsby och Edsbyn“, *Språk och stil*, NF 29, bls. 203–232, hér bls. 226–227

²⁶ Nikolas Coupland og Hywel Bishop, „Ideologised Values for British Accents“, *Journal of Sociolinguistics* 11: 1/2007, bls. 74–93, hér bls 79.

ingu geta þó þvælst fyrir og í umfangsmikilli könnun Levon og félaga kom í ljós að þó Bretar séu almennt líklegir til að líta eigin mállýsku jákvæðum augum má um leið greina tilhneigingu til að meta lítills mállýskur sem tengdar eru verkalýðs-stétinni og ákveðnum minnihlutahópum en meta hærra mállýskur sem sögulega hafa notið virðingar.²⁷ Samantekið má því glöggst sjá að viðhorf tengjast svæðisbundnum framburði og lífvænleika hans með beinum hætti, hvort heldur er í íslensku eða erlendu samhengi.

3 Aðferðir og gögn

Gagnasöfnun fyrir SVIÐ-verkefnið fór fram í tveimur megináföngum. Í þeim fyrri var netkönnun send til alls 3000 málhafa 12 ára og eldri um allt land og falast eftir þrenns konar gögnum frá þeim. Í fyrsta lagi voru þeir beðnir um að taka þátt í framburðarprófi, í öðru lagi voru lögð fyrir þá grímupróf til að grafast fyrir um ómeðvituð og meðvituð viðhorf þeirra til svæðisbundins framburðar utan þeirra eigin heimasvæðis og í þriðja lagi voru þeir beðnir að svara spurningakönnun varðandi meðvituð viðhorf þeirra til eigin framburðareinkenna. Í síðari áfanga gagnasöfnunarinnar voru síðan tekin alls 160 einstaklingsviðtöl við úrtak málhafa úr fyrri áfanganum og þar kafað dýpra í viðhorf þeirra til bæði eigin framburðar og annarra. Í þessari grein er eingöngu unnið úr annars vegar þeim svörum sem bárust frá Norðlendingum úr spurningahluta netkönnunarinnar, það er svörum við spurningum um viðhorf þeirra til eigin framburðareinkenna, og hins vegar þeim hlutum einstaklingsviðtala við Norðlendinga sem var ætlað að grennslast nánar fyrir um eðli, inntak og uppruna þeirra svara. Verður nú gerð nokkuð nánari grein fyrir þessum hluta gagnasafnsins en um nánari lýsingu á þeim aðferðum sem beitt var í SVIÐ-verkefninu í heild og þeim gögnum sem söfnuðust er hér vísað til nýlegrar yfirlitsgreinar í *Íslensku máli og almennri málfraði*.²⁸

Alls fengust 960 svör við netkönnuninni og þar af komu 226 af Norðurlandi.²⁹ Í spurningakönnunarhlutanum voru þátttakendur spurðir alls sex spurn-

²⁷ Erez Levon, Devyani Sharma, Dominic Watt og Christina Perry, *Accent Bias in Britain. Attitudes to Accents in Britain and Implications for Fair Access. Project Report*, Queen Mary University of London og The University of York, 2020, bls. 16–22.

²⁸ Ásgrímur Angantýsson, Finnur Friðriksson, Stefanie Bade, Eva Hrunð Sigurjónsdóttir, Ása Bergný Tómasdóttir og Kristín Margrét Jóhannsdóttir, „Norðlensk og sunnlensk framburðareinkenni og viðhorf fólks til þeirra“, *Íslenskt mál og almenn málfraði* 46–47: 2024–2025, bls. 19–64, hér bls. 26–31.

²⁹ Þar af voru 95 úr Eyjafjarðarsýslu, 67 úr Suður-Þingeyjarsýslu, 26 úr Skagafjarðarsýslu, 15 úr Vestur-Húnavatnssýslu, 12 úr Austur-Húnavatnssýslu og 11 úr Norður-Þingeyjarsýslu.

inga sem sneru að viðhorfum þeirra til eigin framburðar. Fyrst var spurt hvort þátttakendur teldu framburð sinn venjulegan og síðan hvort þeir teldu hann annars vegar fallegan og hins vegar nútímalegan. Þessu næst var kannað hvort framburður þátttakenda væri mikilvægur hluti sjálfsmyndar þeirra og loks hvort þeir teldu framburð sinn hafa breyst frá æskuárum og hvort hann væri breytilegur eftir aðstæðum. Hver spurning var í raun lögð fram sem fullyrðing, til dæmis „Framburður minn er fallegur“ eða „Framburður minn er mikilvægur hluti sjálfsmyndar minnar“, og þátttakendur svöruðu með því að merkja við viðeigandi möguleika á 5-stiga Likert-kvarða, eftir því hve vel þeir töldu staðhæfinguna eiga við sig (mjög vel; frekar vel; hvorki né; frekar illa, mjög illa). Svarmöguleikinn „Veit ekki“ var einnig til staðar. Í niðurstöðukaflanum hér á eftir verður gerð grein fyrir svörum norðlensku þátttakendanna við þessum spurningum með stuðningi einfaldrar lýsandi tölfraði sem veitir bæði yfirlit yfir svör hópsins í heild og sundurliðar þau eftir kyni, aldri og því hvaðan á Norðurlandi þátttakendur koma. Þessi skipting eftir uppruna styðst við gömlu íslensku sýsluskiptinguna þannig að hér er eftir atvikum vikið að niðurstöðum úr Vestur- og Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Suður- og Norður-Þingeyjar-sýslu, og þegar það á við, einstökum bæjum eða sveitarfélögum innan þeirra.

Af þeim 160 þátttakendum sem teknir voru í djúpvíðtöl voru 46 Norðlendingar. Við val á þessum þátttakendum var þess gætt að það endurspeglaði sem best upphaflega úrtakið með tilliti til búsetu og aldurs- og kynjadreifingar, sem og þess hvort þátttakendur sýndu merki um svæðisbundinn framburð eða ekki. Veigamikill þáttur viðtalanna fólst í því að spyrja þátttakendur nánar út í þau svör sem þeir höfðu gefið við fimm af sex ofangreindum spurningum í netkönnuninni, það er öllum nema þeirri sem sneri að því hvort framburður þeirra væri breytilegur eftir aðstæðum. Þannig voru þátttakendur hér spurðir að því hvers vegna og að hvaða leyti framburður þeirra væri mikilvægur hluti af sjálfsmynd þeirra, hvers vegna þeir teldu eigin framburð fallegan (eða ekki/hvorki né), hverju þeir hefðu breytt í eigin framburði (ef þeir töldu hann hafa breyst), hvers vegna og hvort það hefði verið meðvituð ákvörðun eða ekki, og svo framvegis. Með þessu fékkst um leið nánast sjálfgefin skipting í þemu við greiningu og úrvinnslu gagnanna þar sem fyrst var unnið tölfraðilegt yfirlit yfir svör við hverri spurningu í netkönnuninni og síðan kafað dýpra í hverja þeirra við yfirllestur og greiningu á djúpvíðtölunum. Þessi skipting endurspeglast í framsetningu niðurstaðna hér á eftir.

4 Niðurstöður

Eins og fram kom í þriðja kafla sneru sex spurninganna í netkönnuninni að viðhorfum þátttakenda til eigin framburðar; hvort hann væri venjulegur, fallegur, nútímalegur eða mikilvægur hluti sjálfsmýndar auk þess sem spurt var hvort framburðurinn væri breyttur frá æskuárunum eða jafnvel breytilegur eftir aðstæðum. Þessar spurningar mynduðu ákveðin þemu sem unnið var með í djúpvíðtölunum. Í þessum kafla verða niðurstöður netkönnunarinnar kynntar og þær settar í samhengi við niðurstöður djúpvíðtalanna, svo og fyrri rannsókn þegar við á. Að auki kom eitt þema aukalega mjög skýrt fram í djúpvíðtölunum en það var skýrleiki norðlenskunnar og því verður einnig fjallað um það í þessum niðurstöðukafla.

4.1 Viðhorf allra Norðlendinganna

Við byrjum á því að líta á heildarniðurstöður varðandi viðhorf Norðlendinga til eigin framburðar áður en við skoðum fullyrðingarnar nánar. Þátttakendur voru spurðir að því hversu vel hver fullyrðing ætti við þá og möguleikarnir voru *mjög vel*, *frekar vel*, *hworki né*, *mjög illa*, *frekar illa* og *veit ekki*.

Tafla 1 Viðhorf Norðlendinga til eigin framburðar

		Mjög/ frekar vel	Hworki né	Mjög/ frekar illa	Veit ekki
sp2.1	Framburður minn er venjulegur	71%	20%	6%	3%
sp2.2	Framburður minn er fallegur	52%	36%	10%	6%
sp2.3	Framburður minn er nútímalegur	51%	32%	12%	5%
sp2.4	Framburður minn er mikilvægur hluti sjálfsmýndar	68%	21%	7%	4%
sp2.5	Framburður minn er breyttur frá æskuárunum	38%	17%	37%	7%
sp2.6	Framburður minn er breytilegur eftir aðstæðum	51%	17%	24%	8%

Eins og sjá má á töflu 1 eru Norðlendingar mest sammála þeim fullyrðingum að framburður þeirra sé venjulegur (71%) og að hann sé mikilvægur hluti sjálfsmýndar (68%). Hins vegar er aðeins um helmingur á því að framburður sinn sé fallegur (52%), nútímalegur (51%) eða breytilegur eftir aðstæðum (51%). Sú

fullyrðing sem minnstan hljómgrunn fær er að framburðurinn hafi breyst frá æskuárunum en þar má væntanlega sjá einhvern mun eftir því hvort um brottflutta eða staðbundna er að ræða (sjá undirkafla 4.5). En lítum nú á hvern þátt fyrir sig og byrjum á spurningunni um sjálfsmyndina.

4.2 Framburður minn er mikilvægur hluti sjálfsmyndar

Eitt af markmiðum rannsóknarinnar var að kanna hvort og hvernig fólk tengir eigin framburð við sjálfsmynd sína. Niðurstöðurnar sýna að viðhorf til þessa eru fjölbreytt og einstaklingsbundin þó svo langflestir þátttakenda tengi framburð sinn sterklega við staðbundna sjálfsmynd og rætur. 68% svarenda sögðu fullyrðinguna *Framburður minn er mikilvægur hluti sjálfsmyndar* eiga mjög vel eða frekar vel við, 20% svöruðu með hvorki né, 7% svöruðu með mjög illa eða frekar illa og 4% vissu ekki eða vildu ekki svara.

Framburðurinn virtist skipta konur heldur meira máli en karla en 71% kvenna taldi framburðinn mikilvægan hluta af sjálfsmyndinni en 64% karla. Þá skipti framburðurinn eldra fólk mun meira máli en yngra fólk; 77% eldra fólks taldi framburðinn mikilvægan fyrir sjálfsmyndina en aðeins 52% yngra fólks. Hins vegar var lítil munur eftir því hvort um var að ræða staðbundna eða brottflutta. 79% brottfluttra töldu framburðinn mikilvægan fyrir sjálfsmyndina og 77% staðbundinna. Þegar litið er til fullyrðingarinnar út frá uppruna kemur síðan í ljós að framburðurinn er talinn mikilvægari á kjarnasvæðum norðlensku-unnar í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum og í raun eru það Norður-Þingeyingar sem telja framburðinn skipta mestu máli fyrir sjálfsmyndina en alls 91% þeirra sagði svo vera, á móti 70% Eyfirðinga, 67% Suður-Þingeyinga og 60% Skagfirðinga. Í Austur-Húnavatnssýslu, sem í RÍN var blendingssvæði fyrir harðmæli og utan svæðis fyrir röddun, mældist mikilvægi sjálfsmyndarinnar aðeins hjá 57% en athyglisvert er að í vestursýslunni, þar sem norðlenska er almennt ekki töluð, er hlutfallið hærra eða 64%. Hér ber þó að hafa í huga að býsna fáir málhafar koma úr Húnavatnssýslum og Norður-Þingeyjarsýslu en langflestir úr Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu.

Í djúpvíðtölunum var spurt nánar út í sjálfsmyndina til að kanna hvað lægi að baki þegar fólk taldi framburðinn mikilvægan hluta hennar. Þar kom skýrt í ljós að hjá þeim sem telja framburðinn mikilvægan hluta sjálfsmyndarinnar er það nátengt því að vera stoltur af því hvaðan þeir eru. Sjálfsmyndartengslin eru þá ekki endilega mikilvæg vegna fegurðar framburðarins, eða þess að viðkomandi teldi hann endilega betri eða réttari á neinn hátt, heldur frekar vegna þess að framburðurinn segir til um upprunann. „Maður er náttúrulega svo stoltur af því að vera Norðlendingur,“ sagði til dæmis brottfluttur Eyfirðingur og bætti því við

að hann væri alltaf ánægður yfir því að vera að norðan og fyndist því gott að halda í norðlenska framburðinn. Brottluttur Dalvíkingur benti á að það hvar maður ælist upp mótaði mann vissulega svo það hlyti að vera hluti af sjálfsmyndinni hvernig maður talar.

Þótt lítil sem enginn munur hafi verið á afstöðu fólks eftir því hvort það var staðbundið eða brottflutt kemur greinilega í ljós að hinir brottfluttu hafa jafnvel oftari tekið meðvitaða ákvörðun um að halda í framburðinn en hinir staðbundnu enda kannski frekar ástæða til að marka sér sérstöðu þegar málsvæðið er annað. Þannig tók dalvísk kona sem nú er búsett á Akureyri það sérstaklega fram að þegar hún hafi búið í Reykjavík hafi hún gert sér far um að halda í norðlenskuna frekar en að aðlagast málnotkun í Reykjavík, jafnvel þótt hún yrði fyrir aðkasti fyrir það. Hún var á því að framburðurinn væri kannski mikilvægur henni af því að hann sé staðfesting á uppruna hennar auk þess sem föðurfjölskyldunni hafi verið sérlega umhugað um rétt mál. Hana grunar þó að hún hafi línast eitthvað með árunum; „svona eins og urriðinn tekur lit af botninum soldið,“ svo vitnað sé í orð hennar sjálfar. Norður-Þingeyingur sem lengi hefur búið á Akureyri telur þetta viðhorf tengjast rötunum, því að samsama sig ákveðnum landshluta eða ákveðnum karakter. „Erum að norðan, kannski harðgerðari en Sunnlendingar. Hálfjáránlegt en hefur eitthvað með sjálfsmyndina að gera — að halda í ræt-urnar og hvaðan maður kemur — svona upprunann.“ Suður-Þingeyingur segir það alveg hluta af sjálfsmyndinni „að maður tilheyrir minnihlutahópi sem er þínu stoltur af upprunum.“

Rétt eins og sumir viðmælenda Evu Hrundar Sigurjónsdóttur³⁰ lýsti einstaka viðmælendi yfir ákveðinni sorg yfir því að hafa tapað framburði sínum að einhverju leyti. Þannig vísaði brottfluttur Eyfirðingur í það að henni fyndist hún hafa misst eitthvað eftir að framburðurinn hætti að vera svona harður. Henni fannst eitthvað horfið. „Kannski mikilvægt út af rötunum, æskunni og svona. Eitthvað svona jákvætt.“ Fæstir þeirra sem talað var við höfðu tekið meðvitaða ákvörðun um að láta af norðlenska framburðinum og tala fremur líkara þeim sem í kring væru þó nokkrir þekktu dæmi um fólk sem svo hafi gert.

Þeir sem ekki töldu framburð sinn hluta af sjálfsmyndinni voru mun færri en hinir og oftast var ástæðan sú að þeir væru almennt ekkert að velja framburði fyrir sér. „Já ég þú veist, ég er svona ekkert endilega eitthvað að binda mig eitthvað við þetta. Ég held að það sé ekki þannig... ég er náttúrulega búinn að vera víða þannig að ég hef ekki fest í neinu fari þannig lagað,“ sagði brottfluttur Vestur-Húnvetningur og brottfluttur Akureyringur talaði um framburð

³⁰ Eva Hrund Sigurjónsdóttir, „*Norðlenskan er flottust og allt hitt er bara allt í lagi*“.

sem lúxusvandamál og telur eigin framburð ekki skipta máli fyrir sjálfsmyndina. „... sjálfsmyndin ... framburður ég ... bara þarf ekkert á því að halda að ... ég meina ég þarf ekkert á því að halda að vera sérstaklega norðlensk bara.“ Brottfluttur Ólafsfirðingur segist ekki geta sett sig á einhvern stall bara af því að hún hafi þennan framburð. Finnst það ekki skilgreina sig.

Stoltið yfir eigin framburði og tregi þeirra sem hafa misst hann benda til þess að margir viðmælenda líti á framburð sinn sem sameinandi og hafi með að gera löngun fólks til að tengjast ákveðnum hóp í málfarslegu tilliti. Rétt eins og hjá Garrett og félögum³¹ virðist framburðurinn því hafa áhrif á það hvernig við staðsetjum okkur sjálf innan um aðra og hvernig við tengjumst einstaklingum og hópum. Þarna kom berlega í ljós munur á þeim sem ólust upp á kjarnasvæðum norðlenskunnar og til dæmis Húnvetningum sem fæstir hafa sterk norðlensk einkenni og tala þess í stað áþekkt meirihluta landsmanna. Framburður þeirra er því ekki sameinandi á sama hátt og hinna.

4.3 Framburður minn er fallegur

Þrátt fyrir að stór hluti Norðlendinga hafi talið framburð sinn mikilvægan fyrir sjálfsmyndina þótti þeim framburðurinn ekkert endilega fallegur. Aðeins 52% Norðlendinga töldu fullyrðinguna um að framburður þeirra væri fallegur eiga mjög vel eða frekar vel við, rétt rúmur helmingur. 32% svöruðu hvorki/né, 10% töldu fullyrðinguna eiga mjög illa eða frekar illa við og 6% svöruðu veit ekki eða vildu ekki svara.

Það að aðeins 52% Norðlendinganna fannst framburður sinn fallegur styður enn frekar við þá kenningu að hin sterka staða hans í sjálfsmyndinni hafi minna með fegurð að gera og fremur það hvernig norðlenskan skipar fólki í ákveðnar fylkingar eftir uppruna. Þó kom í ljós að þeim sem eiga uppruna sinn að rekja til kjarnasvæða norðlenskunnar finnst framburður sinn almennt fallegri en hinum, sem helst í hendur við niðurstöður Hermínu Gunnþórsdóttur³², Evu Hrundar Sigurjónsdóttur³³, Margrétar Guðmundsdóttur³⁴ og Kristínar Ingibjargar Hlynsdóttur³⁵ sem allar komust að þeirri niðurstöðu að Norðlendingum finnst norðlenska almennt fallegri en önnur svæðisbundin tilbrigði.

³¹ Peter Garrett, Nikolas Coupland og Angie Williams, *Investigating Language Attitudes. Social Meanings of Dialect, Ethnicity and Performance*, bls. 2–4.

³² Hermína Gunnþórsdóttir, *Harðmæli og röddun í norðlenskum framburði*, bls. 53–62.

³³ Eva Hrund Sigurjónsdóttir, „Norðlenskan er flottust og allt hitt er bara allt í lagi“.

³⁴ Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsævi*, bls. 44.

³⁵ Kristín Ingibjörg Hlynsdóttir, *Þykir harðmæli betra en linnmæli? Rannsókn á ómeðvituðum viðhorfum*, bls. 29–31.

Konur voru almennt hrifnari af framburði sínum en karlar en 57% þeirra töldu framburð sinn fallegan en aðeins 46% karla. Enginn munur var eftir aldri. Þegar litið er til búsetu og uppruna kemur hins vegar í ljós að staðbundnum fannst framburður sinn fallegri en brottfluttum, 56% á móti 45%, og Eyfirðingum (60%), Norður-Þingeyingum (55%) og Austur-Húnavetningum (55%) fannst framburður sinn heldur fallegri en íbúum annarra sýslna. 49% Suður-Þingeyinga fannst framburðurinn fallegur, 45% Skagfirðinga og Vestur-Húnavetningar ráku svo lestina með aðeins 29%. Hér haldast niðurstöður gróflaga í hendur við dreifingu norðlensku tilbrigðanna eins og þau birtust í RÍN³⁶ þar sem feгурð framburðarins mælist mest á kjarnasvæðum norðlenskunnar, minni á blendingsvæðunum og minnst í Vestur-Húnavatnssýslu þar sem norðlensku tilbrigðin mældust lægst.³⁷

Á það má þó benda að Suður-Þingeyingar eru ekki eins hrifnir af framburði sínum og nágrannar þeirra beggja vegna við þá þrátt fyrir að raddaði framburðurinn hafi verið algengastur þar. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á viðhorfi landsmanna til svæðisbundinna framburðartilbrigða hafa allt frá rannsókn Guðrúnar Karlsdóttur³⁸ sýnt jákvæðara viðhorf til harðmælis en til raddaðs framburðar svo neikvætt viðhorf til röddunar gæti því dregið Suður-Þingeyingana niður og að einhverju leyti skýrt þennan mun. En þegar Eyfirðingum er skipt í tvennt eftir því hvort þeir búa við utanverðan fjörðinn, til dæmis á Dalvík eða í Ólafsfirði, eða sunnanverðan fjörðinn, svo sem á Akureyri eða í Eyjafjarðarsveit, kemur í ljós að þeim sem búa utar í firðinum — og sem mælingar sýna að hafa sterkari röddun — finnst framburður sinn mun fallegri (74%) en þeim sem búa sunnar (49%). Munurinn er mestur hjá eldri staðbundnum þar sem 92% þeirra sem búa út með firðinum finnst framburður sinn fallegur en aðeins 55% þeirra sem búa sunnar. Þegar kemur að hinum yngri snýst þetta reyndar við (57% þeirra sem búa sunnar finnst eigin framburður fallegur en aðeins 40% þeirra sem búa út með firðinum) en þar sem röddun er að langmestu leyti horfin úr þeim aldurshópi hefur hún varla áhrif í þessum efnum. Að auki skal hafa í huga að mun fleiri þátttakendur koma frá Akureyri en annars staðar að.

³⁶ Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, „Íslenskar mállýskur“, *Málsgreinar*, sótt 15. september 2025 af <https://ait.arnastofnun.is/grein.php?id=706>.

³⁷ Reyndar mælast Austur-Húnavetningar þarna jafnir Norður-Þingeyingum sem er nokkuð herra en við hefði mátt búast þegar tekið er tillit til þess að Austur-Húnavatnssýslan er blendingssvæði, en þarna eru aðeins 14 málhafar sem gerir niðurstöðurnar ekki eins áreiðanlegar. Hins vegar sýnir þetta verulegan mun á milli Austur- og Vestur-Húnavetninga.

³⁸ Guðrún Karlsdóttir, *Norðlenska – sumlenska?*

Þegar spurt var út í fegurð framburðarins í djúpvíðtölunum kom í ljós að þeir sem fannst framburður sinn fallegur höfðu engar sérstakar ástæður fyrir því nema þá helst að þetta væri bara framburðurinn sem þeir væru aldir upp við. „Hverjum þykir sinn fugl fagur,“ sagði Vestur-Húnvetningur og vitnaði í þekkt máltæki. Brottflyttur Skagfirðingur sagði að sér þætti norðlenski framburðurinn einfaldlega fallegri en sá sunnlenski, kannski af því að hún ólst upp við hann, en bætti svo við að hún væri auðvitað hlutdræg. „Finnst manni ekki allt fallegt sem maður er alinn upp við?“ sagði brottflyttur Norður-Þingeyingur. Suður-Þingeyingur á Akureyri sagði þetta bara vera „þessi norðlenski rembingur eins og allir hafa.“

Margir tóku sérstaklega fram að auðvitað væri það bara smekksatriði hvaða framburður væri fallegur. „Já já mér finnst allt mjög fallegt í mínu fari. Ekki síst þetta,“ sagði brottflyttur Skagfirðingur en bætti svo við: „Ah ... ja ég þetta náttúrulega ... fegurðin er svo afstæð sko. Fegurðin já fegurðin í þungarokkinu og sínfóniunni þetta er þetta er þetta er náttúrulega ekki alveg ... ekki góð raunvísindaspurning sko.“

Þrátt fyrir að fjöldi manns hafi ekkert sérstaklega tengt við fullyrðinguna um að framburður þeirra væri fallegur talaði enginn beinlínis um að hann væri ljótur eða óaðlaðandi. Frekar var um að ræða að þeim þætti hann bara venjulegur eða að þeir hugsuðu ekkert sérstaklega um hann. Brottflyttur Húsvíkingur sagði það erfitt að leggja einhvern fegurðarmælikvarða á framburð. Honum finnst gaman að heyra fólk tala með mismunandi framburði, norðlenskum sem öðrum, og finnst fjölbreytni almennt falleg. Annar brottflyttur Húsvíkingur sagðist einfaldlega meira gefinn fyrir innihaldið en umbúðirnar eftir því sem hann eldist. Brottflyttur Ólafsfirðingur sagðist „hvorki miður mín eða neitt yfir framburði mínum eða set mig á einhvern stall að ég sé eitthvað með einhvern frábæran framburð. Mér finnst þetta bara ósköp venjulegur og íslenskur framburður.“

Í doktorsritgerð Gretu Horn kom fram að þeir unglingar á Skáni sem hafa jákvætt viðhorf til heimabyggðarinnar og telja líklegt að þeir muni búa þar ævilangt héldu frekar í framburðareinkennum sinnar heimabyggðar en þeir sem telja líklegt að þeir muni flytja í burtu.³⁹ Aðeins örfá ungmenni á Norðurlandi tóku þátt í djúpvíðtölunum í þessari rannsókn en samt sem áður er greinilegt að af þeim sem samsömuðu sig ekki þeirri fullyrðingu að framburðurinn væri fallegur eða mikilvægur hluti af sjálfmyndinni töldu allir líklegt að þeir myndu flytja í burtu frá heimabyggðinni, þá sérstaklega til náms, þótt helmingur þeirra hafi

³⁹ Greta Horn, *Den unga skånskan. Dialektal variation och platsanknytning hos gymnasieungdomar i nordvästra Skåne*, bls. 229–232.

talað um að koma svo aftur heim að námi loknu. Þeir sem alltaf svöruðu jákvætt spurningunum um fegurð framburðarins og mikilvægi hans fyrir sjálfsmyndina ætluðu ekki að flytjast í burtu, þótt einn hafi sagt það mögulegt að hann færi suður í skóla. Hér er um of fáa að ræða til þess að hægt sé að draga af þessu áreiðanlegar niðurstöður en þarna virðist þó samhengið á milli jákvæðni til eigin framburðar og áframhaldandi framtíðar á Norðurlandi vera nokkuð sterkt.

4.4 Framburður minn er venjulegur/nútímalegur

71% þátttakenda voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni um að framburður þeirra væri venjulegur, 20% svöruðu hvorki/né, 6% tengdu illa við fullyrðinguna og 3% sögðust ekki vita það eða neituðu að svara. Almennt virðast Norðlendingar því á því að framburður þeirra sé býsna venjulegur. Nokkuð færri töldu framburð sinn nútímalegan, 52% á móti 10% sem töldu þá fullyrðingu eiga illa við. 36% svöruðu hins vegar með hvorki/né. Ef við lítum til kynja má sjá að konum finnst eigin framburður venjulegur (77%) og rúmlega helmingi finnst hann vera nútímalegur (53%) en aðeins 46% karlmanna fannst framburðurinn venjulegur og 48% nútímalegur.

Athyglisverður munur kemur í ljós þegar niðurstöður eru skoðaðar eftir aldri. Þar finnst eldra fólki eigin framburður mun venjulegri (74%) en yngra fólki (65%); aðeins 36% eldra fólks töldu framburð sinn nútímalegan en 76% yngra fólks. Eldra fólki finnst því framburður sinn venjulegur en nokkuð gamaldags á meðan yngra fólki finnst framburður sinn nútímalegur en ekki endilega venjulegur.

Þegar niðurstöður eru skoðaðar eftir sýslum kemur í ljós að Húnavetningarnir⁴⁰ eru helst á því að framburður þeirra sé venjulegur, 86% úr vestursýslunni og 91% úr austursýslunni, auk þess sem 80% Suður-Þingeyinga telja framburð sinn venjulegan, sem er athyglisvert í ljósi þess að Suður-Þingeyjarsýslan hefur lengi verið talin vaggja norðlensku framburðartilbrigðanna. Skagfirðingar (60%) og Eyfirðingar (66%) telja framburð sinn nokkuð venjulegan og Norður-Þingeyingar reka svo lestina með 45%. Þegar kemur að því hvort framburðinn sé nútímalegur lækka allar tölur en þar telja 64% Austur-Húnavetningar framburð sinn nútímalegan en aðrar sýslur eru á bilinu 36%–54%.

Það er reyndar ekki alveg augljóst hvað fólk lítur á sem venjulegan framburð en margir nefna að framburður þeirra sé venjulegur fyrir það svæði þar sem þeir ólust upp eða að það sé framburðurinn sem notaður var í fjölskyldunni.

⁴⁰ Austur-Húnavatnssýsla hefur verið talin blendingssvæði fyrir harðmæli en Vestur-Húnavatnssýsla er utan þess.

Hins vegar vilja margir meina að þrátt fyrir að þeir hafi norðlenskan framburð að einhverju leyti, nóg til að fólk taki eftir því, skeri þeir sig ekkert sérlega úr fyrir sunnan. Brottfluttur Akureyringur taldi framburðinn hafa blandast og það sé orðið mjög erfitt að finna mjög harða norðlensku og mjög lina sunnlensku, heldur hafi flestir færst nær miðju. Hún kveði kannski aðeins fastar að en aðrir en sé þó ekkert stoppuð á hverjum degi og gerðar athugasemdir.

Sumir bera framburð sinn saman við aðra Norðlendinga með enn sterkari framburðartilbrigði. Þannig hafði brottfluttur Akureyringur til dæmis orð á því að framburður hans væri frekar venjulegur og að hann höggvi meira eftir rödduðum framburði „eða þeim sem segja kringlan [k^hriŋklan] og banki [paŋci] eða eins og þessar stelpur, barnið [parnið], þarna [θarna].“ Það sé eitthvað sem er frábrugðið og kannski þess vegna sé framburður hennar venjulegri og einkenni hana ekki á neinn hátt. Brottfluttur Eyfirðingur sagði framburð sinn ekkert sérlega ýktan eins og heyrðist hjá sumum.

Nokkrir tala um að framburður þeirra sé venjulegur fyrir þeirra aldur og átta sig á að þeir sem yngri eru tali kannski eitthvað öðruvísi. Brottfluttur Akureyringur nefndi til dæmis að krakkar litu kannski á hann sem einhvern karl og Suður-Þingeyingur á Akureyri sagðist vera svolítið gamaldags þegar miðað væri við krakkana.

Þeir fáu sem töldu framburð sinn ekki venjulegan báru hann yfirleitt saman við framburð annarra. Suður-Þingeyingur á Akureyri hafði orð á því að þeir væru ekkert sérlega margir eftir sem töluðu með þessum norðlenska raddaða framburði þannig að hvað það varðar tali hún ekki eins og flestir. Það sé hins vegar hvorki betra né verra. Brottfluttur Húsvíkingur nefndi að norðlenskan væri náttúrulega minnihlutaframburður. „Og maður tali nú ekki um röddunina.“

4.5 Framburður minn er breyttur frá æskuárunum

Í netkönnuninni var spurt út í það hvort framburður viðkomandi hefði breyst frá því á æskuárunum og töldu 38% svo vera en 37% að svo væri ekki. Nær enginn munur var eftir kynjum þar sem 39% karla töldu framburðinn breyttan en 37% kvenna. Hins vegar kom í ljós mikill munur eftir aldri — aðeins 29% hinna eldri töldu framburð sinn hafa breyst frá æskuárunum en 53% hinna yngri. Það kemur verulega á óvart þar sem mun lengra er liðið frá æskuárunum hjá hinum eldri og því kannski meira svigrúm til breytinga en hjá þeim sem yngri eru.⁴¹

⁴¹ Í netkönnuninni var spurt út í það hvort fólk teldi framburð sinn breytilegan eftir aðstæðum og töldu 51% svo vera en 24% ekki. Þar kom í ljós töluverður munur eftir aldri því 76% hinna yngri töldu framburð sinn breytilegan en aðeins 36% hinna eldri. Hins vegar var ekki spurt nánar út í þetta atriði í djúpvíðtölunum og því er óljóst hvað liggur að baki.

Eins og við var að búast var töluverður munur á svörum eftir því hvort viðkomandi var staðbundinn eða brottfluttur. Aðeins 23% staðbundinna töldu framburð sinn hafa breyst frá æskuárunum en 40% brottfluttra töldu svo vera. Töluverður munur var einnig á svörum eftir upprunasvæðum. Þannig töldu 55% Austur-Húnavetninga að framburður þeirra hefði breyst en aðeins 29% nágretta þeirra í Vestursýslunni. Hér ber þó að athuga að í Vestur-Húnavatnsýslu hafa norðlensku tilbrigðin verið mjög sjaldgæf. Norður-Þingeyingar eru síst á því að framburður þeirra hafi breyst, aðeins 18% þeirra sögðu fullyrðinguna eiga mjög eða frekar vel við en Skagfirðingar (35%), Suður-Þingeyingar (39%) og Eyfirðingar (40%) féllu þarna á milli. Þessar tölur fylgja því ekki mjög skýru munstri og erftit er að útskýra þær með tilvísun í kjarnasvæði og blendingssvæði.

Þeir sem telja framburð sinn hafa breyst frá æskuárunum nefna helst að þeir hafi tapað rödduninni. Brottfluttur Húsvíkingur taldi sig hafa notað meiri röddun þegar hann var yngri en var ekki viss með harðmælið og brottfluttur Skagfirðingur taldi framburð sinn hafa verið „líkari svarfdælska framburðinum“ þegar hann var yngri. Svo þegar hann heyrir þann framburð ekki lengur lendir hann „meira inni á miðjunni — í normalinu.“ Hann verður sem sagt einn af fjöldanum. Hann segir það ekki hafa verið meðvitaða ákvörðun heldur hafi það bara gerst af sjálfu sér. „Því ég hefði svona frekar viljað að maður hefði haldið í hitt sko. Held ég svei mér þá.“

Mun færri telja sig hafa misst harðmælið en þó eru þeir nokkrir sem telja sig „aðeins linari“ en áður var. Brottfluttur Eyfirðingur sagðist til dæmis þurfa að passa sig á því að detta ekki inn í einhvern svona „sunnlenskan letitalanda.“ Brottfluttur Norður-Þingeyingur taldi sig orðinn linnmæltari en áður og raddaði ekki alltaf það sem hann var vanur að radda. „En fólk virðist ekki taka eftir því og kannski er það minna en ég held. Kannski er ég nær því sem ég var en þetta er einhver tilfinning sem ég hef að ég hafi glatað kannski einhverju.“ Hann heldur að hann hafi breyst af því að hann umgengst nánast engan sem talar líkt og hann. Brottfluttur Suður-Þingeyingur segir það eðlilegt að sá sem fari að heiman tali öðruvísi en sá sem ekkert fer. Hann segist vera með alls konar framburð enda hafi hann búið víða og myndi ábyggilega tala öðruvísi ef hann hefði ekkert farið.

Almennt er það svo að þeir sem telja framburð sinn hafa breyst segja það hafa gerst af sjálfu sér og alls ekki meðvitað. Hins vegar er ekki óalgengt að þeir sem telja sig hafa haldið í framburðinn hafi tekið meðvitaða ákvörðun um það, meðal annars af því að þeir væru stoltir af honum. Brottfluttur Norður-Þingeyingur telur sig ekki hafa breytt neinu frá uppeldisárum sínum og að dvölin syðra hafi lítil áhrif haft á sig. Hún telur það vera áhrif frá uppeldi sínu enda

foreldrarnir lítt hrifnir af sunnlenskunni og hafi ítrekað fyrir börnum sínum að tala „eins og manneskja“.

Margir hafa hreinlega ekki hugmynd um hvort framburður þeirra hafi breyst eða ekki og telja sig ekki dómbæra á það. Sumir beita þó rökhugsuninni. Staðbundinn Akureyringur telur t.d. mjög líklegt að framburður hans hafi ekki breyst mikið þar sem hann hafi ekki farið neitt og Suður-Þingeyingur sem lengi hefur búið á Akureyri segist meira og minna hafa búið á sama stað „og þá fær maður svo lítið nýtt inn“. Svarfdælingur sem færði sig örlítið um set, út á Dalvík, segist bara hafa lært að tala og aldrei lagt upp úr því að breyta því — aldrei dottið það í hug — en kannski tali hann öðruvísi en áður. Það hafi ekki verið meðvitað ákvörðun að halda í framburðinn en undir niðri langi hann auðvitað að passa upp á hann. „Ég vil alls ekki bara elta eitthvað sem að mér finnst ekki, finnst ekki hljóma eins og ég vil að það hljómi.“

4.6 Skýrleiki

Í netkönnuninni var ekki spurt sérstaklega út í það hvort fólki þætti framburður sinn skýr en í djúpvíðtölunum kom greinilega fram að margir tengdu norðlenskuuna við skýrleika og því er skýrleikinn nokkurs konar viðbót við þau þemu sem komu sjálfkrafa fram út frá spurningunum. Spurður út í það hvers vegna framburður hans væri mikilvægur hluti sjálfsmyndarinnar skýrði brottfluttur Suður-Þingeyingur afstöðu sína þannig að hann hafi „alist upp við þau gildi að það sé skýr fylgni á milli greindar, dagnaðar og tækifæra í lífinu – og hvernig þú hagar tungumálinu, hvernig þú talar, skrifar... Þú þarft að vera skýr í máli og vanda til hvers orðs.“ Fleiri tóku í sama streng. Þannig sagði til dæmis brottfluttur Skagfirðingur að það hvernig maður talar og hvernig maður kemur fram sé stór hluti af persónu manns — hvernig maður er út á við, hvort maður er að tala í hálfum hljóðum eða segir bara fá og dýr orð. Það skipti því ekki bara máli hvað er sagt heldur hvernig maður tjáir sig. Staðbundnum Norður-Þingeyingi fannst hann eiga meiri samleið með fólki sem talar hægt og skýrt og vandað mál, en taldi það kannski bara vera af því að hann er farinn að heyra illa. Dalvíkingi á Akureyri fannst það ekki skýrt „þegar fólk talar frekar lint og svona hálf ullar orðunum út úr sér“. Þá sagði brottfluttur Eyfirðingur meðal annars að henni þætti hún skýrmæltari með norðlenskum framburði.

Dalvíkingur á Akureyrarsvæðinu sagði fegurð norðlenskunnar tengjast því að henni þætti skýr framburður fallegrri en svona það sem „lekur af tungunni“ og brottfluttur Akureyringur, spurður út í það af hverju hann telji að fólki finnist harðmæltir skýrmæltari, sagði: „Kannski bara af því að þú berð fram ká þegar á að bera fram ká en ekki gé eða þú veist þannig að hérna, það stendur þarna ká,

segðu bara ká er það ekki bara eitthvað svoleiðis?⁴² Dalvíkingur á Grenivíkursvæðinu sagðist ekkert hætt við þá skoðun „að linnmælgí sé bara alveg voðalega svona... eins og fólk sé að flýta sér. Mætti alveg vera skýrmæltara.“ Staðbundinn Eyfirðingur sagði: „Jáá ég svona mér finnst þetta fallegra sko að tala, tala svona aðeins með sterkari áherslum heldur en, að detta ekki niður í eitthvað mjúkt tal og sé verið að reyna að fá mig í það. Já ég, það er bara þannig, þetta er þannig að fyrir mér er þetta fallegra en fyrir mörgum er þetta örugglega ekki smekklegt eða fallett, þetta er ýkt!“ Brottluttur Norður-Þingeyingur tók enn sterkar til orða:

Fyrirgefðu en ef maður segir andskotinn [antskɔ:tʰm] eða helvítis [hɛ:lvitʰis] og ef maður er að segja eitthvað fallett um Drottin og þá að þá er, mér finnst bara einhvern veginn bara miklu meira að marka þann sem talar skýrt heldur en, heldur en þann sem að lætur allt svona, en ég er ekki að segja að sunnlenskur framburður eða vestfirskur eða hvað sem það er sé eitthvað verri eða neitt þannig, heldur bara finnst mér einhver fegurð í því að kveða að.

Það að Norðlendingum finnst norðlenskan skýrari en annar framburður er í samræmi við niðurstöður Hermínu Gunnþórsdóttur⁴², Evu Hrundar Sigurjónsdóttur⁴³ og Margrétar Guðmundsdóttur⁴⁴. Margrét nefndi sérstaklega að hin jákvæða afstaða til norðlenskunnar virtist fyrst og fremst stafa af hrifningu fólks á harðmæli og það sama virðist eiga við hér því þegar Norðlendingarnir reyndu að útskýra á hvaða hátt norðlenskan er skýrari, eða jafnvel réttari, tóku þeir alltaf dæmi um harðmæli. Er þá norðlenska fyrst og fremst harðmæli?

4.7 Hvers konar norðlenska?

Það var nokkuð áberandi í viðtölunum að ekki voru allir með það á hreinu hvað telst sem norðlenska því þótt hugtök eins og *norðlenska*, *hart*, *harðmæl(g)i*, *röddun*, *svarfaldska* og fleiri hafi verið nefnd, svo og sagnliðir eins og „að tala hart“ eða „að kveða harðar að“, voru ekki allir sammála um hvers konar framburður stæði á bak við orðin. Spurð út í hvað norðlenska væri lýsir brottflutt skagfirsk kona til dæmis *norðlensku* með harðmælisdæmum: „*Té*, æj já, *té* aðallega. Og *þé*. *Skapa* [skapʰa], *api* [apʰi],“ og bætir svo við: „Norðlenskur framburður er bara venjulegur *api* [apʰi]. Röddun lýsir hún hins vegar sem harðri: „Mamma var hörð með *mjólkina* [mjɔ:lkʰma], til dæmis.“

Fleiri virtust sjá norðlenskuna fyrst og fremst sem harðmæli en töluðu svo

⁴² Hermína Gunnþórsdóttir, *Harðmæli og röddun í norðlenskum framburði*, bls. 58–60.

⁴³ Eva Hrund Sigurjónsdóttir, „*Norðlenskan er flottust og allt hitt er bara allt í lagi*“.

⁴⁴ Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsævi*, bls. 144.

um *ýkta norðlensku* og gáfu dæmi um röddun. Þannig talaði til dæmis brottfluttur Eyfirðingur um að Dalvíkingar séu ýktari í norðlenskunni en Akureyringar og brottfluttum Norður-Þingeyingi, sem reyndar bjó lengi á Húsavík, fannst raddaði framburðinn fallegur en aðeins of ýktur. Að sama skapi sagði brottfluttur Akureyringur að amma hennar hafi talað svona ýkta norðlensku, og gaf svo dæmi um röddun og bð/gð-framburð.

Þessi óljósi skilningur margra á norðlensku framburðartilbrigðunum er í samræmi við niðurstöður Hermínu Gunnþórsdóttur þar sem aðeins fjórir af þeim 55 Dalvíkingum sem hún talaði við þekktu muninn á harðmæli og röddun og þurfti að útskýra hann fyrir þeim áður en þeir gátu metið hvor framburðurinn þeim þætti fallegri⁴⁵. Þó kom fram í rannsókn Margrétar Guðmundsdóttur⁴⁶ að Norðlendingarnir sjálfir höfðu betri skilning á því hvað norðlenska er en þeir sem komu annars staðar að af landinu.

Norðlendingarnir gera sér einnig flestir grein fyrir því að framburður er mismunandi eftir svæðum og þótt ekki hafi verið spurt að því sérstaklega í netkönnuninni kom skýrt fram í djúpvíðtölunum að flestir höfðu grófa hugmynd um kjarnasvæðin. Það var sérlega áberandi að röddunin er fyrst og fremst tengd við Eyjafjörðinn og aðeins einstaka viðmælandi nefndi Þingeyjarsýsluna í því sambandi. Sumir voru enn nákvæmari og tengdu röddunina við utanverðan Eyjafjörð og þá sérstaklega Svarfaðardal og Dalvík en einnig við Ólafsfjörð. Reyndar virðist Svarfaðardalur hafa ákveðna sérstöðu því nefnd voru hugtök eins og svarfdælska, svarfdælski framburðurinn og Svarfaðardalsáherslan á röddun en hvorki dalvíska né Ólafsfjarðarframburður. Reyndar kom fyrir að þeir sem sjálfir bjuggu á norðanverðum Tröllaskaganum hafi gert enn frekari greinarmun. Svarfdælingur sem lengi hefur búið á Dalvík talaði um að það væri nokkur munur á milli Svarfdælinga og Dalvíkinga – Svarfdælingar væru „svona frekar sterkir á tungunni“, rétt eins og Ólafsfirðingar – og brottfluttur Dalvíkingur sagði Ólafsfirðinga hafa „sungið aðeins meira“ en Dalvíkinga. „Þetta maður heyrdi strax að það var Ólafsfirðingur sko það var enginn va... það var bara mjög auðgreint.“

Í rannsókn Margrétar Guðmundsdóttur kom fram að viðhorf til raddaðs framburðar sé ekki eins jákvætt og til harðmælis og því var ákveðið að greina þarna á milli í viðtalshluta þessarar rannsóknar þannig að hver þáttakandi hlustaði annars vegar á upplestur með harðmæli og rödduðum framburði og

⁴⁵ Hermína Gunnþórsdóttir, *Harðmæli og röddun í norðlenskum framburði*, bls. 60–62.

⁴⁶ Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsævi*, bls. 124–127.

hins vegar bara með harðmæli.⁴⁷ Niðurstöðurnar eru í samræmi við niðurstöður Margrétar því í ljós kom að þótt Norðlendingar séu almennt mjög jákvæðir gagnvart norðlenskunni var nokkur munur á eftir því um hvaða framburðartilbrigði var að ræða. Þannig þótti þeim harðmæli almennt frekar venjulegt og lýstu harðmælisupplestrinum sem finum framburði, fallegum, flottum, skýrum, og ekki of yfirdrífnum, auk þess sem hann var sagður þægilegur og áheyrilegur, jafnvel svolítið eins og maður heyrir á RÚV. Upplestrinum sem innihélt bæði röddun og harðmæli var hins vegar lýst sem svona allt í lagi framburði, gamaldags sveitamáli og svolítið ýktum, þótt sumum hafi fundist hann fallegur og jafnvel gullfallegur. Almennt séð þótti harðmælisframburðurinn því eðlilegri og nútímalegri en röddunin.

5 Lokaorð

Þær niðurstöður sem hér hafa verið lagðar fram sýna að almennt séð eru Norðlendingar býsna sáttir við eigin framburð þótt vissulega sé mikill munur á milli viðhorfa einstaklinga.

Fyrsta spurning SVIÐ-rannsóknarinnar sneri að því að hve miklu leyti fólk er meðvitað um þessi svæðisbundnu framburðartilbrigði, bæði hjá öðrum og í eigin máli, og hvaða hugmyndir það hefur um eigin framburð í samanburði við algengari framburðartilbrigði. Norðlendingar virðast almennt býsna meðvitaðir um eigin framburð; hvar hann stendur í samanburði við framburð annarra á sama málsvæði en einnig í samanburði við algengari framburðartilbrigði í landinu. Almennt kemur eigin framburður vel út í þeim samanburði því langflestum finnst framburður sinn venjulegur og rúmlega helmingi þeirra sem spurðir voru finnst framburður sinn bæði fallegur og nútímalegur. Það er reyndar áberandi að um þriðjungur málhafa hefur enga sérstaka skoðun á því og aðeins um tíu prósentum finnst svo ekki vera.

Niðurstöður sýna enn fremur að þó svo Norðlendingar séu almennt mjög meðvitaðir um að til sé eitthvað sem kallast norðlenska eiga þeir ekki alltaf gott með að skilgreina nákvæmlega í hverju hún felst eða hvað viðkomandi framburðartilbrigði eru kölluð. Þó er áberandi að þekking þeirra er mun meiri þegar kemur að harðmæli en öðrum norðlenskum framburðartilbrigðum, sem bendir til þess að harðmælið sé sterkasta einkenni norðlenskunnar. Töluverður munur var þó á milli einstaklinga og á meðan sumir virtust fyrst og fremst tengja norðlenskuna við harðmæli voru aðrir sem gátu jafnvel tengt ákveðin framburðartil-

⁴⁷ Sama rit.

brigði ákveðnum stöðum, svo sem þeir sem töluðu um raddaðan framburð sem svarfæðsku. Það var reyndar athyglisvert að raddaði framburðurinn var langoftast tengdur við Svarfaðardal, Dalvík og Ólafsfjörð en hér um bil aldrei við Suður-Þingeyjarsýslu, þar sem hann var þó býsna algengur líka samkvæmt RÍN.

Önnur rannsóknaspurning verkefnisins í heild sneri einmitt að því hvort munur væri á meðvitund um og viðhorfum til svæðisbundnu tilbrigðanna. Í þessari grein var ekki kannað sérstaklega hvort eitthvert samhengi sé á milli þess hversu meðvitaðir einstaklingar eru um norðlenskuna og viðhorfa þeirra til framburðarins en snögg yfirferð bendir þó til þess að þarna sé ekki endilega samhengi á milli. Þeir sem virtust hafa dýpri þekkingu á norðlensku framburðartilbrigðunum, svo sem með því að staðsetja röddun í Svarfaðardal eða nefna sérstaklega ngl-framburð eða bð/gð-framburð, virðast ekki líklegri til þess að telja framburð sinn fallegan, nútímalegan eða mikilvægan hluta sjálfsmyndarinnar. Þeir lýsa hins vegar margir yfir ánægju með að við skulum þó hafa einhvern málfarslegan mun á milli landsvæða og vilja gjarnan halda í hann. Þetta þarf þó að kanna nánar.

Síðasta spurningin sneri að því hversu mikilvægur þáttur svæðisbundni framburðurinn er í málfarslegri sjálfsmynd málhafa. Niðurstöður sýna að mikill meirihluti, alls 68%, telja framburð sinn mikilvægan hluta sjálfsmyndarinnar og þó að tuttugu prósent hafi enga sérstaka skoðun á málinu telja aðeins 7% að svo sé ekki. Þótt fáir hafi lýst yfir sérstöku stolti vegna framburðarins sem slíks kom berlega í ljós að margir voru stoltir af því að vera Norðlendingar og litu þannig á að norðlenskur framburður segði til um upprunann og væri þannig skýrt merki um norðlensku. Það að tala norðlensku væri þess vegna hluti af því hver maður væri og léki mikilvægt hlutverk í sjálfsmyndinni. Vissulega sakaði hins vegar ekki að þeim finnst framburður sinn bæði fallegri og skýrari en annar framburður.

Líklegt er að þessi fremur jákvæðu viðhorf Norðlendinga til eigin framburðar hafi — alla vega að einhverju leyti — stuðlað að viðhaldi norðlenskuunnar og það að þeir eru almennt mun jákvæðari gagnvart harðmælinu en raddaða framburðinum gæti að einhverju leyti skýrt hvers vegna raddaði framburðurinn er á undanhaldi á meðan harðmælið stendur sterkast allra svæðisbundnu framburðartilbrigðanna.⁴⁸ Það er hins vegar ekki gott að vita hvort harðmælið á langt líf fyrir höndum eða ekki en það ætti þó að eiga góða von svo lengi sem ekki verða róttækar breytingar á viðhorfum til þess.

⁴⁸ Ásgrímur Angantýsson, Finnur Friðriksson, Stefanie Bade, Eva Hrund Sigurjónsdóttir, Ása Bergný Tómasdóttir og Kristín Margrét Jóhannsdóttir, „Norðlensk og sunnlensk framburðareinkenni og viðhorf fólks til þeirra“, bls. 55–56.

ÚTDRÁTTUR

Í greininni er fjallað um viðhorf Norðlendinga til eigin framburðar, einkum í tengslum við harðmæli og raddaðan framburð, eins og þau birtast í gögnum rannsóknarverkefnisins *Svæðisbundinn framburður, viðhorf og málbreytingar í rauntíma* (SVIÐ), sem er sjálfstætt framhald þriggja fyrri yfirlitsrannsókna á stöðu og þróun svæðisbundins framburðar á Íslandi. Annars vegar er unnið úr svörum alls 226 Norðlendinga úr netkönnun þar sem þeir voru meðal annars spurðir um viðhorf til eigin framburðar, til að mynda hversu fallegan þeir töldu hann vera, hvort þeir litu á hann sem hluta sjálfsmýndar sinnar og hvort þeir hefðu breytt honum frá æskuárum. Hins vegar er rýnt í djúpvíðtöl sem tekin voru við 46 Norðlendinga úr upphaflega úrtakinu, en þar var ofangreindum spurningum, og fleirum, fylgt nánar eftir til að fá dýpri innsýn í uppsprettu, inntak og eðli viðhorfanna. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að Norðlendingar eru heilt á lituð prýðilega sáttir við eigin framburð, þó jafnframt megi greina talsverðan einstaklingsmun í þeim efnum. Þannig líta langflestir Norðlendinganna á framburð sinn sem mikilvægan hluta sjálfsmýndar sinnar og telja hann um leið venjulegan, enda sé hann sá framburður sem þeir ólust upp við. Það eru hins vegar öllu skiptari skoðanir á því hvort framburðurinn sé fallegur, en þeir sem á annað borð telja norðlenskan framburð fallegan byggja það gjarnan á því að hann sé skýrari en annar framburður. Norðlendingar eru jafnframt almennt meðvitaðir um tilvist sérstaks framburðar á sínu heimasvæði, en hugmyndir þeirra um hvað felst í þeim framburði eru hins vegar öllu meira á reiki. Áberandi er þó að þekking þeirra á harðmæli er talsvert meiri en á rödduðum framburði eða öðrum norðlenskum framburðartilbrigðum og um leið virðist jákvæðni þeirra gagnvart eigin framburði einkum beinast að harðmæli, frekar en rödduðum framburði. Leiða má líkur að því að hin almennt jákvæðu viðhorf til norðlensks framburðar hafi stuðlað að viðhaldi framburðarins um leið og ójafnvægið í viðhorfum gagnvart harðmæli annars vegar og rödduðum framburði hins vegar eigi sinn þátt í því að raddaður framburður er á undanhaldi á meðan harðmæli stendur enn nokkuð styrkum fótum. Hér er þó ekki gott að fullyrða um orsök og afleiðingu.

Lykilord: Viðhorf til framburðar, norðlenskur framburður, harðmæli, raddaður framburður, málvitund

ABSTRACT

This article deals with the attitudes of northern Icelanders towards their own pronunciation, particularly with regard to so-called hard speech and voiced pronunciation, as these appear in data collected within the research project Regional Pronunciation, Attitudes and Real-Time Change (RePARC), that is an independent follow-up study of three previous studies aimed at providing an oversight of the status and development of regional pronunciation in Iceland. On the one hand, the analysis is based on the replies of 226 north Icelanders to a web questionnaire where they were, amongst other things, asked about their attitudes towards their own dialect, e.g., how beautiful they believed their pronunciation to be, whether they regard it as a part of their own identity, and whether they believe that they have changed their pronunciation since childhood. On the other hand, in-depth interviews with 46 northern Icelanders from the original sample were examined, but these interviews delved deeper into the source, content and nature of the attitudes. The results show that, on the whole, northern Icelanders are happy with their own pronunciation, even though there are also clear individual differences. Thus, an overwhelming majority of the north Icelanders view their pronunciation as an integral part of their own identity, at the same time as they see it as normal, mainly as it is the pronunciation they grew up with. The views are more diverse when it comes to the perceived beauty of the pronunciation, but those who consider the northern pronunciation beautiful often base this view on their belief that it is clearer than elsewhere in the country. Northern Icelanders are also generally aware of the existence of a particular pronunciation in their home region, but their ideas about what northern pronunciation consists of are more vague. However, it is clear that their awareness of hard speech greatly exceeds their awareness of voiced pronunciation or other northern pronunciation features, at the same time as their positivity towards their own pronunciation is mainly aimed at hard speech, rather than voiced pronunciation. It seems likely that the generally positive attitudes towards northern pronunciation have supported its maintenance at the same time as the imbalance in attitudes towards, on the one hand, hard speech and, on the other, voiced pronunciation, plays its part in the decline of voiced pronunciation while hard speech by and large holds its own.

Keywords: Attitudes to pronunciation, north Icelandic pronunciation, hard speech, voiced pronunciation, linguistic awareness

FINNUR FRÍÐRIKSSON OG KRISTÍN MARGRÉT JÓHANNSDÓTTIR

FINNUR FRÍÐRIKSSON

Dósent í íslensku

Kennaradeild

Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri

finnur@unak.is

KRISTÍN MARGRÉT JÓHANNSDÓTTIR

Dósent í íslensku

Kennaradeild

Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri

kristinj@unak.is